

Sp. 560. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði til að ljúka endurbyggingu á verksmiðju félagsins.

Flm.: Björgvin Jónsson.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f á Seyðisfirði, að upphæð allt að 1.8 milljónum króna, til að ljúka endurbyggingu á verksmiðju félagsins.

Greinargerð.

Undanfarið hefur staðið yfir alger endurbygging á verksmiðju Síldarbræðslunnar h/f á Seyðisfirði. Á s. l. sumri var þessu verki það langt komið, að unnt var að taka við síld til vinnslu í verksmiðjunni til mikils hagræðis fyrir síldveiðiflotann fyrir Austurlandi, og voru þá unnin í verksmiðjunni um 50 þús. mál síldar. Aðstæður voru þó á margan hátt hinar erfiðustu, m. a. vegna þess, að verksmiðjuna vantar algerlega geymslu fyrir mjöl og lýsisgeymar hennar eru svo litlir, að flytja varð helming lýsismagnsins til geymslu norður á Hjalteyri. — Enn fremur eru þrær verksmiðjunnar svo litlar, að eigi verður með nokkru móti við það unað.

Óhjákvæmilegt er með öllu, að nú í vor verði að því unnið að koma upp mjölgeymslu og viðbótarlýsisgeymum fyrir verksmiðjuna, jafnframt því sem nú eða á næsta ári verði þrær verksmiðjunnar stækkaðar að mun. — Hafa forráðamenn verksmiðjunnar farið fram á, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir 1.8 millj. kr. láni til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, þar eð fullnotaðar eru nú þær ábyrgðarheimildir, sem veittar voru í sambandi við endurbyggingu verksmiðjunnar með þingsályktunum 28. marz 1956 og 29. maí 1957, samtals að fjárhæð 5.3 millj. kr.